

**3. Eftirlit og gjaldskrá.**

Í samræmi við reglugerð nr. 390/1985 skal stöðin árlega greiða eftirlitsgjöld eins og kveðið er á um í gjaldskrá hverju sinni. Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfisvinnslu.

Eftirlit þetta er með tvennum hætti; annars vegar eftirlit á vegum fyrirtækisins, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur og hins vegar á vegum mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins í samræmi við 3. gr. gjaldskrár vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja nr. 355/1986. Sorpstöð Suðurlands flokkast í 3. flokk skv. þeirri reglugerð.

**4. Gildistaka.**

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sé mengun, sem sett er skv. 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

**AUGLÝSING****um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjaness við Ísafjarðardjúp  
1987–2007.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19. 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 12. apríl staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Reykjaness við Ísafjarðardjúp 1987–2007,

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Reykjarfjarðarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hann verði staðfestur.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*